

# Siglingaklúbburinn Þytur

Stjórnarfundur 15.02. 2001

## Dagskrá: Ekki auglýst fyrirfram

Fundur settur: 20:18

**Mættir:** Egill Kolbeinsson (EK), Gunnar Geir Halldórsson (GGH), Friðrik Hafberg (FH), Áskell Bjarni Fannberg (ÁBF), Haraldur Ágústsson (HÁ), Trausti Ævarsson (TÆ), Birna Sigþórsdóttir (BS). HÁ þurfti að yfirgefa fundinn áður en honum lauk.

### 1. Athugasemd við fundargerð síðasta fundar.

Ranglega fært í 4. lið að TÆ hafi haldið fram að á Zzap bátum geti verið 4-5 það á við um Wafer. Hann beðinn afsökunnar á misfærlunni.

### 2. Farið yfir stöðu verkefna frá síðasta fundi,

- i) TÆ er búinn að fá varahlutaskrá fyrir Wafer sbr 6. lið, ekki farinn að kanna ástand hans.
- ii) EK búinn að semja uppkast að bréfi vegna framkvæmda á starfssvæði Þyts sbr. 10. lið
- iii) GGH hefur heimildir fyrir því að verkefnið Paimpol-Reykjavík-Paimpol hafi kostað borgina 2 milljónir. Inn í því er allur pakkinn ferðir, veislur o.s. frv. Brokey hafi greitt 90.000. Stjórnarmönnum þykir gott að vita um hvaða tölur er um að ræða. ÁBF og TÆ finnst þetta ekki mikið.
- iv) BS hefur gert athugasemdir við drög að nýjum lögum ÍBH sem henni finnst hroðvirknislega unnin. Rætt að fá drögin á tölvutæku formi.

### 3. Starfsleyfi

EK sækja þarf um starfsleyfi fyrir sumarið til Siglingamálastofnunar. Les upp umburðarbréf nr. 000/1999 um starfsleyfi fyrir bátaleigur og siglingafélög vegna báta með skráningarlengd undir 6 metrum. FH og BS fá bréfið vegna tillagna sem þau ætla að gera um reksturinn næsta sumar sbr 8. lið síðustu fundargerðar. GGH veltir upp af hverju við fáum ekki að sjá hvenig Siglunes stóð að þessu. EK hefur séð þeirra umsókn. Talin upp verkefni hvers starfsmanns. Hvernig bregðast eigi við og af hverjum ef eitthvað kemur uppá hvort heldur sem er á sjó eða í landi. EK segir að sá sem er yfir starfseminni þurfi að vera ábyrgðarmaður. BS telur erfitt að setja niður meðan óljóst er hver verður forsvarsmaður sumarsins og hvaða kröfur sá kemur til með að uppfylla.

### 4. Bátakaup

GGH með tillögu um að kaupa lítið notaðan Laser, honum fylgi stórt segl, radial segl, kjölur og stýri. Verð hans er 200.000- 210.000. EK spyr hvað gefi sig með aldrinum á bátunum. Fundarmenn segja skrokkana linast upp, möstrin geta slitnað niður í og geti brotnað, mótstaðan eykst. EK spyr um tilgang þess að kaupa einn enn við þurfum að endurbæta hina 4. GGH myndum fjölga Laserunum fengjum á 200.000 bát sem kostar 400-500.000 fengjum radialeagl með sem kostar um 50.000, sé að reyna að spara fyrir klúbbinn. Út frá þessu spinnast umræður um Zzap bátana sbr 4 lið síðasta fundar. TÆ veltir upp ef Zzap verði keyptir hverju það breyti. GGH segir Brokey ekki verða með. EK segir SÍL ekki ætla að fjármagna á neinn hátt. GGH segir Zzap fara hratt, hætta á meiri skemmdum, e.t.v. hætta á að unglingar missi áhuga á Laser. TÆ veltir upp hvað sé á milli Optimist og Laser, tveggja manna bátar þarna á milli. GGH telur þá ekkert millistig það sé Laser með radialeagli. FH leggur til að þessu verði frestað. Verði skoðað í samhengi við hvað mikið eigi að greiða niður af skuldum sbr 5 lið síðasta fundar og þann óskalista sem rætt var um á síðasta fundi sbr 6 lið. Við þurfum að fá verð á ýmsum liðum. Tillaga FH um frestun samþykkt.

## **7. Mögulegt samstarf siglingaklúbbana.**

FH segist vera að fara á fund til Keflavíkur ásamt fleiri gjaldkerum og formönnum siglingaklúbbanna. Fundarefni er samræming milli félaga um innheimtu félagsgjalda. T.d. að menn fái ekki að taka þátt í keppnum nema hafi greitt félagsgjald til einhvers félags. Samræma keppnisgjöld, þau séu greidd og menn viti þetta fyrirfram. GGH telur að með tímanum þróist félagsskírteini í segulrandarkort. FH nefnir að geti t.d. veitt mönnum aðgang að húsinu. EK spyr hvað þetta kosti ?

## **8. Árgjald**

EK leggur til að verði hækkað í 3000 úr 2500. FH leggur til að verði frestað til næsta fundar, eftir að fundurinn sbr 7. lið, hér að ofan, hefur verið haldinn, líka á að fjalla um samræmd siglingagjöld. Samþykkt samhljóða að fresta til næsta fundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið 21:20

---

Birna Sigþórsdóttir (sign)

